

## GJALDSKRÁ fyrir hunda- og kattahald í Snæfellsbæ.

### 1. gr.

Hunda- og kattaeigendur í Snæfellsbæ, skulu greiða leyfisgjald skv. 3. tölulið 1. gr. og 14. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007.

### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund, sbr. 3. tölulið 1. gr. samþykktar nr. 757/2007, skal vera kr. 18.500 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplaða á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött, sbr. 14. gr. samþykktar nr. 757/2007, skal vera kr. 6.750 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplaða á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. apríl og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

### 3. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda, sbr. 3. tölulið 1. gr. samþykktar nr. 757/2007, skal vera kr. 20.000. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera kr. 8.800 fyrir 1. skipti, kr. 12.000 fyrir 2. skipti og kr. 15.000 fyrir 3. skipti.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eiganda sínum fyrr en að lokinni skráningu.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útagðan aflífunar-kostnað.

### 4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 1109/2014.

Staðfest af bæjarstjórn Snæfellsbæjar 3. desember 2015.

*Snæfellsbæ, 3. desember 2015.*

**Kristinn Jónasson** bæjarstjóri.